



Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar 2011.

Haldinn að Varmá þann 13. apríl 2011

Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK setti fundinn kl. 20 og skýrði frá því að UMSK hefði umsjón með þessum aðalfundi þar sem félagið hefði verið án stjórnar eftir að formaður og stjórn, sem kjörin voru á aðalfundi 31. mars síðastliðinn, sögðu af sér embættum.

Valdimar lagði til að Hafsteinn Pálsson yrði kjörinn fundarstjóri og Anna Sigríður Guðnadóttir fundarritari sem samþykkt var með lófaklappi.

Fundarstjóri þakkaði traustið sem starfsmönnum fundarins var sýnt og kynnti að á dagskrá þessa aðalfundar væru einungis kosningar.

Kosning formanns og stjórnarfólks.

Fundarstjóri lýsti eftir framboðum til formanns. Eitt framboð hafði borist, frá Sævari Kristinssyni. Fleiri buðu sig ekki fram. Sævar Kristinsson er því er réttkjörinn formaður Aftureldingar 20011-2012 og var því fagnað með lófataki.

Fundarstjóri lýsti eftir framboðum tveggja stjórnarmanna til tveggja ára. Framboð höfðu borist frá Önnu Sigríði Guðnadóttur og Ásmundi Pálssyni. Fleiri buðu sig ekki fram og eru þau því réttkjörnir stjórnarmenn til næstu tveggja ára og var því fagnað með lófataki.

Fundarstjóri lýsti eftir framboðum tveggja stjórnarmanna til eins árs. Framboð höfðu borist frá Guðjóni Helgasyni og Helgu Jóhannesdóttur. Fleiri buðu sig ekki fram og eru þau því réttkjörnir stjórnarmenn til eins árs og var því fagnað með lófataki.

Fundarstjóri lýsti eftir framboðum tveggja varamanna, annars til eins árs og hins til tveggja ára. Framboð höfðu borist frá Kristínu Reynisdóttur til tveggja ára og Heklu

Klemenzdóttur til eins árs. Fleiri buðu sig ekki fram og skoðast þær því réttkjörnir varamenn og var því fagnað með lófataki.

Kosning endurskoðenda og skoðunarmanns

Fyrir fundinum lá tillaga um Emil Eypórssson og Valdimar Leó Friðriksson sem endurskoðendur. Fleiri tilnefningar bárust ekki og skoðast þeir réttkjörnir.

Fyrir fundinum lá tillaga um Valdimar Leó Friðriksson sem skoðunarmann reikninga deilda. Fleiri tilnefningar bárust ekki og skoðast hann réttkjörinn.

Fundarstjóri lýsti því að fleira lægi ekki fyrir þessum fundi og sleit fundinum kl. 20:06

Eftir fundinn bauð fundarstjóri upp á óformlegt spjall og óskaði nýkjörinn formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar, Sævar Kristinsson, eftir að fá orðið. Hann hóf mál sitt með því að þakka það traust sem honum og öðrum stjórnarmönnum er sýnt með kjörinu. Sævar þakkaði Jóni Pálssyni formanni UMFA frá 2007-2011 vel unnin störf í þágu Aftureldingar um margra ára skeið. Einnig færði Sævar félagsmönnum þakkir fyrir þann kraft sem þeir hefðu sýnt fyrir félagið. Nýkjörinn formaður vitnaði að lokum í yfirlýsingu Mosfellsbæjar og Aftureldingar frá 100 ára afmæli félagsins 2009. Þar segir: „Þó svo að áherslur í starfi Aftureldingar hafi breyst í tímanna rás er hið veigamikla hlutverk ungmennafélagsins í menningu og samfélagi Mosfellinga í 100 ár algerlega óumdeilt. Afturelding hefur mótað sjálfsmynd Mosfellinga með fyrirmyndum og fyrirmyndarstarfi. Félagið er jafnframt í dag hornsteinn í forvarnar- og æskulýðsstarfi á tímum hraða, umbreytinga og áreitis.“

Jóhann Guðjónsson óskaði eftir að koma í pontu og vildi upplýsa að hann fengi enga fjármuni frá félaginu í tengslum við það samkomulag sem hann og framkvæmdastjóri félagsins undirrituðu þann 6. apríl.